

Tungusilungur ehf  
Strandgötu 39  
460 Tálknafjörður

Reykjavík 15. apríl 2019  
UST201809-053/F.T.  
08.12.02

### **Efni: Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 28. janúar sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri áætlun um úrbætur á frávikum sem skráð voru í eftirliti þann 15. nóvember 2018. Þann 12. mars sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### **Frávikin eru eftirfarandi:**

- 1. Gr. 1.4 í starfsleyfisráðgjörðum.** Skráningar sem kveðið er á um í grein 1.4. voru ekki aðgengilegar í eftirlitinu. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila eru skráningar komnar í betra horf. Rekstraraðili óskaði leiðbeininga um hvernig best væri að setja skráningar upp. Stofnunin hefur sent rekstraraðila leiðbeiningar um skráningar. Skráningar verða teknar út í næsta reglubundna eftirliti.**
- 2. Gr. 2.4 í starfsleyfisráðgjörðum.** Kvittanir fyrir ráðstöfun úrgangs og spilliefna til viðurkenndra móttökuaðila var ekki aðgengilegt í eftirlitinu. Þá kom í ljós að ekki er haldið nægilega utanum flokkun og magn þess úrgangs sem myndast vegna starfseminnar. **Samkvæmt rekstraraðila er haldið utan um kvittanir á móttöku dauðfisks og úrgangs. Upplýsingarnar séu skráðar í bók sem fannst ekki í eftirlitinu en muni liggja fyrir í næsta eftirliti. Kvittanir verða teknar út í næsta reglubundna eftirliti.**
- 3. Gr. 2.3 í starfsleyfisráðgjörðum.** Talsverður óþrifnaður var á athafnasvæði rekstraraðila, s.s. byggingarúrgangur, tóm kör, plast ofl. á víð og dreif. **Tekið hefur verið til á svæðinu ásamt því að rekstraraðili mun ráða sumarstarfsfólk til þess að taka til á svæðinu. Úrbætur verða teknar út í næsta reglubundna eftirliti.**
- 4. Gr. 2.5 í starfsleyfisráðgjörðum.** Net yfir fiskikörum voru víða rifin og slitin þannig að aðgangur fugla og annarra meindýra að fiskikörunum var ekki nægilega hindraður í samræmi við kröfur í starfsleyfisráðgjörðum. **Rekstraraðili hefur bætt fuglanetin en hyggst hætta að nota net yfir kerin og skipta þeim út fyrir aðra og betri lausn. Efni hefur verið keypt til þess að tjalda yfir kerin og er stefnt að því að þau verði sett upp næsta vor. Úrbætur verða teknar út í næsta reglubundna eftirliti.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**


Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.



Halla Einarsdóttir  
teymisstjóri

Virðingarfyllst



Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Vestfjarða